

Nd.

191. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarflokkarnir gerðu samkomulag um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um breytingu á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands. Þegar þetta samkomulag var borið undir þingflokk Sjálfstæðisflokksins lýsti ég yfir andstöðu minni við þessa breytingu. Ég tel að þessi mál séu best komin í

viðskiptaráðuneytinu, enda hafa flestir eða allir útflytjendur verið því fylgjandi að þessi mál heyri undir það ráðuneyti eins og fram kemur í bréfi dags. 26. október 1983 til stjórnáslunefndar og er birt hér sem fylgiskjal með þessu nefndaráli.

Með tilliti til framanritaðs er ég andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 2. des. 1987.

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal.

Bréf útflytjenda til stjórnáslunefndar.

(Reykjavík, 26. október 1983.)

Í tilefni könnunar stjórnáslunefndar á viðhorfum útflutningssamtaka sjávarútvegsins til þeirrar hugmyndar að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanríkisráðuneytið vilja undirrituð útflutningssamtök taka fram:

Við teljum að viðskiptaráðuneytið hafi á undanförunum áratugum unnið mjög mikilvægt starf á sviði íslenskra útflutningsmála, svo sem við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga og samninga um tollamál.

Í flestum viðskiptalöndum, sem við eigum mest viðskipti við, eru sjálfstæð viðskiptaráðuneyti sem koma fram sem slík í viðskiptasamningum við Íslendinga.

Þar sem landið er háðara milliríkjavíðskiptum en nokkuð annað land sem okkur er kunnugt um teljum við það hagsmunamál útflutningssamtakanna að hér sé sjálfstætt ráðuneyti sem mætt geti til samninga við erlend viðskiptaráðuneyti á jafnræðisgrundvelli.

Við leggjum því eindregið til að íslenska viðskiptaráðuneytið haldi sjálfstæði sínu og sé þannig óháð öðrum ráðuneytum í starfi sínu á sviði útflutningsmála.

Virðingarfyllst.

Landssamband íslenskra útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

Samband ísl. samvinnufélaga,
sjávarafurðadeild,
Ólafur Jónsson.

Samlag skreiðarframleiðenda,
Ólafur Björnsson.

Síldarútvegsnefnd,
Gunnar Flóvenz.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,
Árni Finnbjörnsson.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda,
Valgarð J. Ólafsson.

Sölustofnun lagmetis,
Heimir Hannesson.